

Nd.

39. Frumvarp til laga

[37. mál]

um greiðslu bóta á óverðtryggðan útflutning búvara.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Lúðvík Jósepsson, Þórarinn Sigurjónsson,
Kjartan Ólafsson, Páll Pétursson.

1. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði 3 milljarða króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á síðasta verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem voru óseldar við upphaf yfirstandandi verðlagsárs. Af framangreindri fjárhæð verði 2 milljarðar greiddir á þessu ári, en 1 milljarður í upphafi næsta árs.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til að standa straum af þessum greiðslum, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum næstu 3 ár.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglur um greiðslu þessara bóta til bænda að fengnum tillögum frá stjórn Stéttarsambands bænda og skal Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslurnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er, að bændur verða fyrir mjög tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna óverðtryggðs útflutnings búvara á síðasta verðlagsári og vegna óhjákvæmilegs útflutnings á búvörum, sem í of stórum mæli voru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs 1. sept. s. l. Í því skyni að jafna út halla vegna vöntunar útflutningsbóta á síðasta verðlagsári, hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveðið innheimtu verðjöfnunargjalds sem hér segir:

- Fyrir hvert kg innv. dilkakjöts kr. 190.00
- hvert kg innv. kjöts af fullorðnu kr. 90.00
- hvern innv. mjólkurlíttra kr. 15.00

Innheimtu þessa gjalds er nú langt komið.

Til viðbótar þeirri tekjuskerðingu, sem leiðir af þessari gjaldtöku, koma svo erfiðleikar vegna harðindanna í vor og sumar, aukinn fóðurkostnaður og óhjákvæmileg skerðing á bústofni nú í haust vegna lítills heyfengs. Þá er ljóst, að fallþungi dilka er mun minni en undanfarin ár, og veldur það einnig verulegri tekjurýrnun hjá bændum. Ljóst er því, að efnahagsvandi bænda er mjög alvarlegur og er því mjög þýðingarmikið að draga úr tekjuskerðingu þeirra vegna vöntunar á útflutningsbótum.

Í maí s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem m. a. fékk það verkefni að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar allra stjórnmalaflokkanna ásamt fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins, fulltrúi Alþýðuflokksins skilaði séráliti.

Í álitu meiri hlutans segir m. a.:

„Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára, telur meiri hluti nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álitur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða. Meiri hluti nefndarinnar leggur því eftirfarandi til við ríkisstjórnina:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarðar króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs. Fjárhæð þessi svarar til $\frac{2}{3}$ hluta af þeirri tekjuskerðingu sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.
2. Af framangreindri upphæð verði tveir milljarðar króna útvegaðir svo fljótt, að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem þegar hefur verið ákveðið.

Á þessu álitu meiri hlutans, sem er samkomulag fulltrúa Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðubandalagsins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags

Íslands, er þetta frumvarp byggt. Það gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin greiði á þessu ári 2 milljarða króna í auknar útflutningsbætur og 1 milljarð í upphafi næsta árs. Til þess að standa straum af þessum greiðslum, er ríkisstjórninni heimilað að taka lán, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum næstu 3 ár.